

Umsögn íbúaráðs Breiðholts dags. 6. mars 2024 um tillögu að breytingu á hámarkshraða

Fulltrúar íbúaráðsins fagna breyttum hraðatillögum í hverfinu sem eru til þess fallnar að stuðla að bættu umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda innan hverfisins. Rannsóknir sýna að fylgni er á milli hraða og slysatíðni. Því er mikilvægt að draga úr honum til að auka öryggi gangandi og hjólandi ásamt því að auka sýnileika gönguþverana með betri lýsingu og götuþrengingum sem draga úr hraða. Ráðið er fylgjandi því að lækka hámarkshraða frá Stekkjarbakka að Grænastekk úr 50 km í 40 km. Ráðið hefur efasemdir með hvort 40 km sé nógu mikil lækkun, hvort hefði ekki verið betra að lækka niður í 30 km eins og Grænistekkur frá gönguþverun er inn í íbúahverfið. Mjög fjölfarin göngu- og hjólaþverun er yfir Grænastekk og skv. talningum borgarvefsjár ferðast tæplega 7500 hjólandi og gangandi þarna yfir vikulega, mest 350 einstaklingar daglega. Vill ráðið láta meta hvort þessi hraðalækkun sé nægileg til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi, eftir atvikum að fara í fleiri úrbætur sem tengjast öryggi eins og bætt lýsing við þverunina eða annarskonar einkenni til að vara ökumenn við þessari fjölmennu göngu- og hjólaþverun. Með breyttri landnotkun í Mjódd, frekar uppbyggingu húsnæðis og komu Borgarlínunnar væri mikilvægt að endurskoða ökuhraða, aðgengi hjólandi og gangandi niður í Elliðaárdalinn um þessa mikilvægu leið.